

REGLUGERÐ

um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2012.

1. gr.

Leyfi til veiða á makríl.

Öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, er heimilt að stunda veiðar á makríl í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja, að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu samkvæmt reglugerð þessari.

Útgerðir skipa sem falla undir 2.-3. tl. 1. mgr. 2. gr. og ætla að stunda veiðar á makríl skulu sækja um leyfi til Fiskistofu. Fiskistofa auglýsir eftir umsóknnum 12. apríl og er umsóknarfrestur 10 dagar. Leyfi til makrílveiða skulu gefin út fyrir almanaksárið 2012 en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til makrílveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

Fari leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl á árinu 2012 yfir 145.227 lestir, þar með talið 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, ákveður ráðherra hvort veiðar á makríl skuli bannaðar.

Makríl í færeyskri lögsögu er einungis heimilt að veiða sem meðafla við veiðar á norsk-íslenskri síld. Heildarmakrílafli íslenskra skipa í færeyskri lögsögu skal ekki fara yfir 1.300 lestir. Fiskistofa tilkynnir ráðherra hvenær líklegt megi telja að aflanum verði náð. Ráðherra tilkynnir með auglýsingu frá hvaða tíma óheimilt er að veiða makríl sem meðafla innan færeyskrar lögsögu.

2. gr.

Skipting heildarafla á flokka skipa.

Viðmiðun leyfilegs heildarafla skal ráðstafað til skipa sem stunduðu veiðar á makríl á árunum 2007, 2008 eða 2009, skipa sem fyrirhugað er að stundi veiðar skv. 1. og 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar eða skipa sem öðluðust leyfi skv. 3. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 233/2011, enda hafi skipin verið skráð á íslenska skipaskrá 1. mars 2012. Ráðstafað er til skipa í einstökum flokkum, sem hér segir:

- 845 lestum skal ráðstafað til skipa sem stunda makrílveiðar með línu eða handfærum.
- 8.066 lestum skal ráðstafað til skipa sem ekki frysta afla um borð enda hafi útgerðir þeirra sýnt fram á að aflinn verði unninn í landi í samræmi við ákvæði 3. gr. Við útgáfu veiðileyfis skal viðkomandi útgerð sýna fram á að til staðar sé gildandi samningur um vinnslu í landi eða jafngilda yfirlýsingu þegar um eigin vinnslu er að ræða. Aflaheimildum þessum skal skipt á milli eftirfarandi stærðarflokka sem hér segir:

- Skip 200 BT og yfir.
- Skip undir 200 BT.

Hvert skip sem fellur undir a-lið skal fá í sinn hlut X lestir af makríl. Hvert skip sem fellur undir b-lið skal fá í sinn hlut 0,20 sinnum X lestir af makríl. X skal fundið með eftirfarandi jöfnu:

$aX + 0,20bX = 8.066$ lestir (a er fjöldi skipa sem fellur undir a-lið; b er fjöldi skipa sem fellur undir b-lið). X skal þó aldrei vera hærra en 1.000 lestir.

Óheimilt er að fella skip undir 2. tl. sem áður hafa áunnið sér aflareynslu skv. 3. eða 4. tl. þ.e. skv. 3. og 4. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 233/2011 og reglugerðar nr. 987/2010.

- 31.259 lestum skal ráðstafað til vinnsluskipa sem fengu leyfi skv. 3. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 233/2011. Skipum skal skipt í þrjá flokka eftir stærð:
 - Vinnsluskip sem mælast minni en 800 BT.
 - Vinnsluskip sem mælast 800 – 2.400 BT.
 - Vinnsluskip sem mælast stærri en 2.400 BT.

Úthlutun á vinnsluskip sem falla undir a. flokk er 50% af úthlutun skipa sem falla undir b. flokk og úthlutun til skipa sem falla undir c. flokk er 50% meiri en til skipa sem falla undir b. flokk. Heildarúthlutun skv. þessu reiknast skv. eftirfarandi jöfnu:

$$N_b \times X + N_a \times X/2 + N_c \times X \times 1,5 = 31.259.$$

N= fjöldi skipa með leyfi til veiða á makríl í viðkomandi flokki,

X= afli skips í b. flokki.

Skylt er vinnsluskipum að vinna og frysta allan sinn afla um borð.

- 105.057 lestum skal ráðstafað til skipa sem veitt hafa makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skal skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum sérstökum heimildum til veiða í lögsögu Færeyja.

Hafi skip, sem fellur undir 3. eða 4. tl. 1. mgr., horfið úr rekstri, er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip í hans eigu úthlutuðum aflaheimildum er ráðstafað.

Leyfi skipa til makrílveiða skv. 2. tl. 1. mgr. fellur úr gildi þann 29. júlí 2012 hafi skip ekki veitt a.m.k 20% af aflaheimildum sínum. Fiskistofu er heimilt að víkja frá þessu, samkvæmt beiðni útgerðar, hafi skip með sannanlegum hætti ekki getað hafið veiðar vegna bilana. Leyfi skipa til makrílveiða skv. 2.-4. tl. 1. mgr. fellur úr gildi ef skip hefur ekki landað a.m.k 50% af aflaheimildum sínum 20. ágúst 2012. Ónýttum heimildum skipa skal ráðstafa til annarra skipa í sama flokki. Þó er ráðherra heimilt að ráðstafa ónýttum heimildum milli flokka, megi ætla að skip í viðkomandi flokki muni ekki geta veitt það aflamagn sem tilgreint er í hverjum flokki.

Á árinu 2012 getur hvert skip aðeins öðlast eitt af veiðileyfum skv. 1.-4. tl. 1. mgr.

3. gr.

Vinnsla til manneldis.

Skylt er að ráðstafa mánaðarlega 70% af makrílafra einstakra skipa til vinnslu. Fiskistofa skal fylgjast með að skilyrði um vinnsluskyldu sé uppfyllt hið minnsta einu sinni í mánuði eftir að skip hefur veiðar.

4. gr.

Takmörkun við framsali aflaheimilda.

Framsali aflaheimilda er óheimilt, að öðru leyti en hér greinir:

- Heimilt er að flytja aflaheimildir milli skipa sem falla undir 2.-4. tl. 1. mgr. 2. gr. ef þau eru í eigu sömu útgerðar og í sama flokki.
- Heimilt er að flytja allt að 15% af úthlutuðum heimildum fiskiskips frá árinu 2012 til ársins 2013, enda hafi skip ekki sætt skerðingu skv. 3. mgr. 2. gr.
- Hverju skipi er heimilt að veiða allt að 10% umfram úthlutaðar heimildir í makríl á árinu 2012 og dregst sá umframafli frá aflaheimildum þess á árinu 2013.
- Frá og með 25. ágúst er heimilt að flytja heimildir milli skipa sem falla undir 2.-4. tl. 1. mgr. 2. gr., ef þau eru í sama flokki. Ráðherra er heimilt að leyfa flutning milli flokka ef sýnt þykir að aflaheimildir nýtist ekki með öðrum hætti.
- Vegna óhjákvæmilegs meðafra er útgerðum skipa skv. 2.-4. tl. 1. mgr. 2. gr. heimilt að skipta á aflaheimildum í makríl og aflaheimildum í síld og kolmunna, þó getur flutningur aldrei numið meiru en 15% af veiði skipa í makríl, hverju sinni, í þeim hlutföllum sem um semst.

5. gr.

Veiðitilhögun.

Makrílveiðar í flottroll eru eingöngu heimilar utan 200 m dýptarlínu en þó hvergi nær landi en 12 sjómíllur frá viðmiðunarlínu. Þá eru makrílveiðar í flottroll bannaðar á milli 65°30'N og 68°30'N milli 27°V og 17°V. Þá er heimilt að áskilja að flotvörpuveiðar á makríl skuli aðeins heimilaðar á tilteknu svæði ef varpan er búin meðaflaskilju. Makrílveiðar í net eru óheimilar.

Skipum sem hafa leyfi til makrílveiða er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur, með síðari breytingum. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Sé makrill veiddur á línu eða handfæri er heimilt að færa fleiri en eina veiðiferð á hverja síðu í afladagbók. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi

síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur. Enn fremur skal allur meðaflí skráður nákvæmlega.

Sé makrill veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af makrill, sem valin eru af handahófi. Gæta skal þess að sýni sé tekið í öllum tilkynningaskyldureitum þar sem skipið stundar veiðar. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni, þegar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Fjarskiptabúnaður og tilkynningar.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda makrillveiðar sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

7. gr.

Tilkynningar á alþjóðlegu hafsvæði.

Um tilkynningar varðandi makrillveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan íslensku lögsögunnar. Það gildir þó ekki fyrir skip skv. 1.-2. tl., 1. mgr. 2. gr. stundi þau eingöngu veiðar í íslensku lögsögu. Auk þessa skal senda aflatilkynningu daglega til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, stundi skip veiðar í færeysku lögsögu.

Þá skal skipstjóri í lok hverrar veiðiferðar og áður en komið er til hafnar, tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega og á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan afla.

8. gr.

Vigtun og löndun.

Makrilafla skal landað og hann veginn í íslensku höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa makrilafla og makrilaflurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar makrills utan íslenskra hafna til Fiskistofu, enda skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og hvert er áætlað magn makrills. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda makrillsins eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Um vigtun á makrill gilda ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávaraflla, með síðari breytingum og ákvæði reglugerðar nr. 246/2008, um vigtun og skráningu meðafla á uppsjávarfiski, með síðari breytingum. Þó skal draga frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í makrill miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess. Sé makrill veiddur á línu eða handfæri skal afla haldið aðgreindum um borð í veiðiskipi eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

Þegar makrill er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,22.

9. gr.

Eftirlit með veiðum.

Fiskistofa skal hafa eftirlit með því að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt á hverjum tíma.

Sé fyrirhugað að stunda veiðar á bolfiski og makrill í sömu veiðiferð skal skipstjóri tilkynna það Fiskistofu eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir upphaf makrillveiða. Skipstjóra er skylt að koma til næstu hafnar að sækja eftirlitsmann Fiskistofu, enda hafi Fiskistofa sent útgerð eða skipstjóra tilkynningu þar að lútandi eigi síðar en einum degi fyrir upphaf veiða.

10. gr.

Refsingar og viðurlög.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála.

Við ítrekuð brot gegn skyldu til að frysta afla um borð í skipi skv. 3. tl. 2. gr., er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til makrílveiða út árið.

11. gr.

Lagaheimild, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma reglugerðir nr. 233/2011 og 1293/2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. apríl 2012.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhann Guðmundsson.